

Fundargerð

**258. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn í Hveragerði,
þriðjudaginn 16. október 2018 kl. 13³⁵ – 14⁵⁵.**

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGP), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fjarverandi)
Guðfinnur Johnsen (GJ) (fjarverandi)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Íris Gunnarsdóttir (ÍG), fundarritari.

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Heyrúlluplast
- (3) Úrvinnslusjóður
- (4) Plastumbúðir
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([257. fundar](#)).

Samþykkt

2. Heyrúlluplast

Fyrir fundinn fóru stjórnarmenn í heimsókn í starfstöð Pure North Recycling í Hveragerði og kynntu sér starfsemina og hugmyndir til framtíðar hjá fyrirtækinu. ÓK afhenti og kynnti skýrslu frá Eflu um magn heyrúlluplasts hjá PNR og tilraun til að mæla óhreinindi í móttaknu plasti.

Nokkur umræða varð um niðurstöður skýrslunnar, hvort óhreinindin eru svo mikil sem þar kemur fram.

Næsta mál er að hugsa til þess hvernig PNR getur skipt yfir í kerfi sem þjónustuaðili.

Meðfylgjandi er erindi frá Pure North Recycling um að fá stöðu þjónustuaðila hjá Úrvinnslusjóði í stað ráðstöfunaraðila líkt og gerð var tillaga um í meðfylgjandi bréfi sjóðsins til PNR fyrr á

66
dh
A6

árinu. Þetta þýðir að PNR kaupir heyrúlluplast af söfnunaraðilum vinnur það og fær greitt frá Úrvinnslusjóði þegar staðfesting á sölu á endurvinnsluefni liggur fyrir.

Í erindi PNR kom fram ýmis sjónarmið um yfirfærslu í nýtt kerfi. Má þar nefna mat á óhreinindum, kynningarátak til að bæta umgengni um heyrúlluplast, flutningsjöfnun og meðferð á birgðum.

3. Úrvinnslusjóður

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs og önnur mál sem tengjast fjármálum sjóðsins - Staða mála.

4. Plastumbúðir

Staða á flokkun og endurvinnslu á blönduðu plasti frá heimilum. Frestað.

5. Önnur mál

Plastaðgerðaráætlun. Bréf frá Laufeyju Guðmundsdóttur lögfræðingi UAR lagt fram á fundinum.

Bjndr. Guðmundsdótt.
Björn Ólafsson
Gudrun Gjörvin
Guðr. E. Guðleifsson